

REGLUGERÐ

um bann við veiðum á beitukóngi á Breiðafirði.

1. gr.

Markmið reglugerðar þessarar er að koma í veg fyrir að stundaðar séu veiðar á beitukóngi sem skaðlegar geta talist með tilliti til hagkvæmrar nýtingar nytjastofnsins á veiðisvæðum á Breiðafirði.

2. gr.

Frá og með 24. ágúst 2023 eru allar veiðar á beitukóngi óheimilar á veiðisvæðum á Breiðafirði, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 633/2019 um veiðar á beitukóngi í gildrum.

Suðursvæði, afmarkast af línu fyrir sunnan 65°15'N og vestan við 22°30'V.

Norðursvæði, afmarkast af línu fyrir norðan 65°15'N.

3. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum 15.-21. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 9. gr. og 14. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Reglugerðin öðlast gildi 24. ágúst 2023 og fellur úr gildi 31. ágúst 2023.

Matvælaráðuneytinu, 23. ágúst 2023.

Svandís Svavarsdóttir.

Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.